

AUGLÝSING

um staðfestingu á stjórnunar- og verndaráætlun fyrir landslagsverndarsvæði norðan Dyrfjalla og náttúruvættið Stóruð.

Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra staðfest stjórnunar- og verndaráætlun fyrir landslagsverndarsvæði norðan Dyrfjalla og náttúruvættið Stóruð. Stjórnunar- og verndaráætlunin er birt á heimasíðu Náttúruverndarstofnunar. Einnig hefur ráðherra staðfest eftirfarandi reglur um dvöl og umferð sem settar hafa verið fram í stjórnunar- og verndaráætluninni í samræmi við 2. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013:

1. gr.

Landverði eða umsjónaraðila svæðisins er heimilt að loka tímabundið gönguleiðum vegna verndunar gróðurs og jarðminja eða þegar leiðin er ekki fær og beina gestum svæðisins um aðrar leiðir ef þess er kostur.

Samráð skal haft um slíka ákvörðun við landeigendur, sveitarfélag og eftir atvikum aðra hagsmunaaðila.

Stjórnunar- og verndaráætlunin öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 19. ágúst 2025.

Jóhann Páll Jóhannsson.

Stefán Guðmundsson.

B deild - Útgáfudagur: 3. september 2025